

Samþykktir og lög

Lög

Fyrir félag eldri borgara í Dalasýslu og Reykhólahreppi.

Félag eldri borgara í Dalasýslu og Reykhólahreppi.

Skammstafað (FEBDOR)

1.kafli.

Nafn, heimili og tilgangur

Félagið heitir: Félag eldri borgara í Dalabyggð og Reykhólahreppi. Heimili þess og varáing er í Búðardal. Félagið er óháð stjórnmalaflokkum og hlutlaust í trúmalum. Hlutverk félagsins er að gæta hagsmuna og réttinda eldra fólks á félagssvæðinu sínu og tilgangi félagssvæði sínu. Tilgangi þessum hyggst félagið ná með því:

1. Að vinna að því að skapa efnahagslegt öryggi og gott umhverfi hjá öldruðum.
2. Að vinna að úrbótum í húsnæðismálum aldraðra.
3. Að efla félagsvinnu og tómsundaaðstöðu aldraðra á félagssvæðinu.
4. Að fylgjast með og stuðla að því að aldraðir hafi sem greiðastan aðgang að heilbrigðis- og þjónustustofnunum og opinberum byggingum og njóta þar góðrar fyrirgreiðslu og auðveldrar aðkomu.
5. Að félagið verði viðurkenndur tillögu- og umsagnaraðili um málefni aldraðra í sveitarstjórnnum og vinni með félagsmálanefndum sveitarstjórna að hagsmunamálum aldraðra á félagssvæði þess.

2.kafli.

Skilyrði félagsaðildar

Rétt til að gerast felagsmenn eiga þeir sem náð hafa 60 ára aldri eða eftirlaunaaldri, sé hann fyrr, og einnig makar félagsmanna þó yngri séu.

Félög, fyrirtæki og einstaklingar geta orðið styrktaraðilar.

Árgjald skal ákveða á aðalfundi til eins árs í senn og má því aðeins breyta á aðalfundi.

3.kafli.

Aðalfundur.

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal halda fyrir 1.apríl ár hvert og boða til hans með minnst viku fyrirvara með auglýsingu í blöðum eða bréfliga. Einfeldur meiri hluti ræður úrslitum mála á aðalfundi.

Samþykktum (lögum) félagsins má aðeins breyta á aðalfundi og þarf 2/3 atkvæða til,

enda hafi tillögu um breytingar á samþykktum (lögum) félagsins verið getið í fundarboði og kynntar félagsmönnum a.m.k. viku fyrir aðalfund.

Aðalfundur er löglegur hafi löglega verið til hans boðað.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið ár.
2. Lagðir fram endurskoðaðir félagsreikningar.
3. Kosning stjórnar og varastjórnar.
4. Kosning skoðunarmanna.
5. Önnur mál.

4.kafli.

Trúnaðarmenn.

Í stjórn félagsins skulu sitja 5 stjórnarmenn og 2 varamenn. Stjórn félagsins skal kosin til 2ja ára svo skoðunarmenn, þó þannig að eftir 1 ár, árið 2002, skal kjósa 2 stjórnarmenn, 1 varastjórnarmenn og 1 skoðunarmenn, en eftir 2 ár, árið 2003, 3 stjórnarmenn, 1 varamann og 1 skoðunarmann. Stjórnin skiptir með sér verkum. Hún ber ábyrgð á fjárreiðum félagsins og skuldbindur það gagnvart öðrum aðilum.

Í stjórn félagsins skulu sitja 5 stjórnarmenn og 2 varamenn, einnig skal hafa 2 skoðunarmenn.

Annað árið eru kosnir 2 stjórnarmenn, 1 varamaður og 2 skoðunarmenn.

Hitt árið eru kosnir 3 stjórnarmenn, 1 varamaður og 2 skoðunarmenn.

Stjórnarmenn og varamenn eru kosnir til 2 ára, en skoðunarmenn til 1 árs.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Hún ber ábyrgð á fjárreiðum félagsins og skuldbindur það gagnvart öðrum aðilum.

Almennir félagsfundir

Stjórn félagsins boðar til almennra funda svo oft sem hún telur tilefni til og skulu þeir boðaðir með auglýsingu í fjölmiðlum innan félagssvæðisins.

Stjórnarfundir

Formaður boðar stjórnarfundi. Hann skal boða aðal- og varastjórnarmenn. Varamenn hafa málfrelsi og tillögurétt, en ekki aðkvæðisrétt nema þeir taki sæti fjarstaddra aðalmanna. Rita skal fundargerð stjórnarfunda.

5.kafli.

Félagsslit.

Komi fram tillaga um félagsslit skal hún sæta sömu meðferð og tillaga um breytingar á samþykktum félagsins bæði í fundarboðun og afgreiðslu á fundi. Við slit félagsins skulu eignir þess renna til almennra hagsmunamála aldraðra í Dalasýslu og Reykhólahreppi.

Samþykkt 12.júní 2001.

Samþykkt á aðalfundi 14.mars 2024.